

Alþ. Bl.
u. i. 192

04.10

Tilvistarkreppa Kvennalistans

Landsfundur Kvennalistans hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu í EES málun og hefur nú lagt fyrir íslensku þjóðina einhverja merkilegustu stjórmálaályktun sem gerð hefur verið fyrr og síðar. Eftir að kvennalistakonur höfðu hnöðað saman einum fimmtíð uppköstum af nýrri Evrópustefnu sættust þær á að stefna Kvennalistans frá því fyrir síðustu kosningar yrði óbreytt. Þar er aðild Íslands að EES hafnað. Reyndar var þessi fyrri afstaða aðeins áréttuð með þeim fyrirvara að hver og ein kona innan samtakanna, þar með taldar þingkonur, geti haft allt aðrar skoðanir í Evrópumálum og tjáð sig þannig í nafni heildarinnar. Kristín Ástgeirs dóttir þingflokkusformaður Kvennalistans fullkomnaði síðan þetta nýstárlega lýðræði með því að lýsa því að þingflokkurinn ætti eftir að „fara yfir“ og jafnvel fimpússa ályktanir landsfundarins. Það vill hins vegar svo óheppilega til að fulltrúi Kvennalistans í utanríkismálaneft Alþingis er engin önnur en Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, sem einnig er í forsvari fyrir þann hóp innan Kvennalistans sem hlynntur er EES samningnum. Endanleg niðurstaða landsfundarins er í senn einföld og hlægileg. Kvennalistakonur eru sammála um að vera ósammála um EES.

Ef marka má um fjöllun ljósvakamiðlanna frá landsfundi þessarar merku stjórmálahreyfingar er engu líkara en þarna hafi hópur kvenna verið að koma saman í fyrsta sinn til þess að athuga hvort þær ættu eitt-hvað fleira sameiginlegt en kynferðið. Umræðan virtist vera mjög losaraleg og snúast aðallega um það hvort samtökin hefðu einhverja stefnu, hver hún væri eða ætti að vera. Þessar spurningar eru vissulega tímabærar eftir 12 ára tilvist samtakanna. En það fengust hins vegar engin svör við þessum ágætu spurningum. Kvennalistinn er grásrótarhreyfing án skipulags, án stofnana, án forystu og án reglna. Þegar allt þetta vantar þarf engan að undra að stefnuna skorti líka. Að vísu hafa hin pólitísku samtök kvenna virkað ágætlega hingað til með því að halda fast við stjórnleysingja fyrikomulagið. Ástæðan fyrir því er einföld. Kvennalistinn hefur ætið skorast undan þeiri ábyrgð sem því fylgir að sitja í ríkisstjórn og taka stórar og erfiðar ákvárdanir í samvinnu við aðra. EES málid er stærsta verkefnið sem komið hefur inn á borð íslenskra stjórmálamanna hin síðari ár. Þegar á reynir kemur það í ljós að grásrótarhreyfing eins og Kvennalistinn ræður ekki við mikilvæga pólitísku stefnumótun.

Það upplausnarástand sem ríkti á landsfundi Kvennalistans um helgina vekur spurningar um starfsemi, árangur og örlög grásrótarhreyfinga yfirhöfuð. Pótt konur í okkar helstu nágrannalöndum hafi ekki verið jafn stórtækjar í stofnun stjórmálasamtaka eins og kynsystur þeirra hérlandis, þá fyrirfinnast grásrótarhreyfingar sem svipar nokkuð til Kvennalistans á Íslandi. Umhverfisverndarsinnar eða svokallaðir græningjar í Vestur-Evrópu völdu einmitt skipulagsleysi grásrótarinnar til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þessi samtök höfðu tölverðu fylgi að fagna í upphafi síðasta áratugs, en hin pólitísku grásrótt er heldur skammlíf eins og Kvennalistakonur eru nú að átta sig á. Þannig duttu græningjar í Svíþjóð út af þingi í kosningunum þar í landi fyrir rúmu ári síðan. Eftir það upphófst mikil naflaskoðun á skipulagi og forystu samtakanna. Sú umræða kom of seit með fyrrgreindum afleiðingum. Ef Kvennalistinn á ekki að hljóta sömu örlög þá er eins gott að flýta breytingunum og taka upp það skipulag sem íslenskir jafnaðarmenn innleiddu hérlandis og verið hefur ráðandi í íslenska flokkakerfinu síðan. Það er hins vegar efamál hvort þörf er á skipulagðri kvennahreyfingu sem leitast við að túlka sameiginleg sjónarmið allra íslenskra kvenna.

Grásrótarhreyfingar hafa látið gott af sér leiða og geta verið nauðsynlegar í ákveðinn tíma. Græningjar í Evrópu hafa komið umhverfismálunum rækilega inn í hina pólitísku umræðu og að sama skapi hefur Kvennalistinn komið jafnréttismálum og hinum „mjúku gildum“ inn á pallborð íslenskra stjórmála. Petta hafa gömlu stjórmálaflokkarnir tekið upp og því hefur ákveðinn sigur unnist. Að sjálfögðu geta flestar konur verið sammála um að þær eigi að berjast fyrir auknum áhrifum í þjóðféluginu. En það að allar konur eigi að vera á móti EES og frjálsum utanríkisviðskiptum getur varla haft nokkuð með kvennapólitík að gera. Á þessu stigi frýs grásrótin í reynsluheimi kvenna